

# Minnisblað

Til: Skóla-, íþróttá- og tómstundanevndar  
Frá: Dagný Finnbjörnsdóttir  
Dags. 22. apríl 2026  
Mnr. 2025100070



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Stofnun ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar

Minnisblað þetta er lagt fram í kjölfar fyrri umfjöllunar nefndarinnar frá 15. október 2025 um stofnun ungmennaráðs sveitarfélaga, þar sem kynnt voru verkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga sem miða að eflingu ungmennaráða, auk erindis frá UNICEF á Íslandi þar sem sveitarfélögum er boðin þátttaka í verkefninu Barnvæn sveitarfélög.

Ungmennaráð Ísafjarðarbæjar hefur ekki verið starfandi síðan árið 2020, fyrir hendi er lögformleg umgjörð um slík ráð samkvæmt gildandi reglum.

Á landsvísu er aukin áhersla lögð á formlegt samráð sveitarfélaga við börn og ungmenni. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur á undanförunum misserum unnið markvisst að því að styðja sveitarfélög við að:

- virkja starfandi ungmennaráð,
- endurvekja óvirk ungmennaráð,
- efla þekkingu ungmenna og starfsfólks á hlutverki slíkra ráða,
- skapa fastari farveg fyrir sjónarmið ungmenna í sveitarstjórnarmálum.

Jafnframt leggur UNICEF ríka áherslu á þátttöku ungmenna sem lykilþátt í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, m.a. í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélög, þar sem ungmennaráð gegna mikilvægu hlutverki.

### Mikilvægi ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar

Ungmennaráð er formlegur samráðsvettvangur sem veitir ungmennum raunverulegt tækifæri til að hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Með virkri starfsemi ungmennaráðs:

- er lýðræðisleg þátttaka ungmenna styrkt,
- eykst gagnsæi og gæði ákvarðanatöku í málum sem varða börn og ungmenni,
- skapast vettvangur til markvissrar ráðgjafar til kjörinna fulltrúa og nefnda
- styrkist tenging sveitarfélagsins við markmið Barnasáttmálans og Barnvænna sveitarfélaga.

### Tillaga að skipan ungmennaráðs, ný nálgun

Lagt er til að við endurupptöku ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar verði farin skýr og markviss leið við skipan ráðsins, með það að markmiði að tryggja breiða aðkomu ungmenna með ólíkan bakgrunn og reynslu.

Lagt er til að ungmennaráð skipist af fulltrúum frá eftirfarandi aðilum:

- Nemendafélagi Grunnskólans á Ísafirði,
- Nemendafélagi Menntaskólans á Ísafirði,
- Ungmennaráði Vestfjarða, og
- ungmennum úr atvinnulífinu í Ísafjarðarbæ, sem ekki eru í fullu námi en falla innan aldursmarka ungmennaráðs.

Með þessari skipan er leitast við að:

- tryggja tengingu ungmennaráðs við skólasamfélagið,
- nýta reynslu og þekkingu starfandi ungmennaráðs á landsvæðinu, og
- fá fram sjónarmið ungmenna sem eru virk á vinnumarkaði og annars hefðu síður formlegan vettvang til þátttöku.

Jafnframt verði hlutverk ungmennaráðs, umboð þess og tengsl við nefndir og bæjarstjórn skýrð frá upphafi, og tryggður verði reglulegur stuðningur af hálfu starfsfólks sveitarfélagsins.

**Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi leggur til að skóla-, íþróttá- og tómstundanevnd:**

- 1. samþykki framlagða nálgun að skipan ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar,**
- 2. feli starfsmönnum að vinna drög að reglum/verklagi fyrir ungmennaráð í samræmi við framangreint, og**
- 3. taki málið aftur til afgreiðslu þegar drög liggja fyrir, með það að markmiði að ungmennaráð hefji störf.**